

Fjórði fundur stjórnar Félags rannsóknastjóra á Íslandi 5. september 2013, kl. 11.00 – 12.00

Mættir voru:

Ásta Sif Erlingsdóttir

Kristján Kristjánsson

Ólöf G Sigfúsdóttir

Oddný S Gunnarsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð aðalfundar félagsins 24. apríl var samþykkt.
2. Fjármál félagsins: Gjaldkeri (Kristján Kristjánsson) gerði grein fyrir fjárhagsstöðu félagsins. Félagið á 676.000 kr. Hluti styrks frá Samstarfsnefnd háskólanna (500.000 kr.) hefur verið nýttur til að greiða þátttökugjald til EARMA og greiða fyrir lén (icearma.is) auk kostnaðar tengdum aðalfundi.
Einnig munum styrkurinn frá Samstarfsnefndinni vera nýttur til að greiða fyrir heimsókn aðila frá EARMA og kynningu á þeim samtökum. Jafnframt mun styrkurinn verða nýttur til að kynna betur nauðsyn þess að hafa landsdekkandi gagnagrunn og fá til þess einstaklinga sem hafa unnið með slíkan grunn. Einnig mun félagið greiða kostnað vegna þátttöku okkar félagsmanna í COST verkefninu - BESTPRAC TN1302 - sem er samstarfsverkefni rannsóknastjóra í Evrópu.
3. Vefsíða: Ákveðið var að fækka flipum og hafa þá 4:
Um félagið: þar kæmi undir lög félagsins, félagatal með nafni og hvar félagar starfa, fundargerðir og ársskýrslur.

Tenglar

Fréttir

Áhugavert efni: þar kæmi undir greinar og skjöl.

Aðeins þeir sem sitja í stjórn geta sett inn á vefsíðu félagsins og munu félagar geta sent áhugavert efni til þeirra.

Heimasíða verður opnuð strax eftir lagfæringar en hún er: <http://icearma.is/>.

Enska útgáfa á heimasíðu mun verða send í þýðingu.

4. Þátttaka í COST: Ásta Sif Erlingsdóttir og Kristján Kristjánsson eru aðalmenn fyrir hönd Íslands í verkefninu. Verkefninu verður formlega ýtt úr vör í Brussel 15. október. Um er að ræða COST verkefni sem mun starfa í tvö ár og mun verkefnið greiða dagpeninga og ferðir fyrir aðalmenn á fundi í verkefninu. Heimasíða: www.COST.eu. Upplýsingar um COST verða settir undir fréttir á heimasíðunni okkar.
5. Heimsókn frá Copenhagen Business School (CBS) í Danmörku. Ásta Sif greindi frá fyrirhugaðri heimsókn tveggja starfsmanna CBS til HÍ. CBS hafur verið að vinna með gagnagrunninn (PURE) og munu starfsmennirnir kynna fyrir okkur reynslu CBS af

notkun gagnagrunnsins og þróun hans. Fyrirhugaður kynningarfundur yrði þriðjudaginn 17. september. Kristján mun athuga með húsnaði hjá Háskólanum í Reykjavík.